



Verður kona Fjölnismaður?

Vigdís. Kona verður forseti

JPV útgáfa 2009. 472 bls.

Vigdís Finnbogadóttir er fyrsta konan í heiminum sem var kjörin þjóðhöfðingi í frjálsum og lýðræðislegum kosningum. Hún er sameiningartákn þjóðarinnar, ímynd íslenskrar tungu og menningar, forsetinn sem talaði alltaf „um gamlan menningararf, gróðursetti tré og spjallaði við börn“ (434). Vigdís ólst upp á borgaralegu menningarheimili á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar, hún var sett til mennta og til mikils var ætlast af henni. Ævisaga hennar dregur upp mynd af merkiskonu sem breytist úr freknóttri og feiminni unglingsstúlku í fjórða forseta lýðveldisins en varpar ekki síður skýru ljósi á örar samfélagsbreytingar síðustu áratuga og þróun embættis forseta Íslands.

Bókartitillinn, „Kona verður forseti“ gefur til kynna að hér sé um þroskasögu að ræða og sú er einmitt raunin. Í bókinni er ítarlega farið í bakgrunn og menntun Vigdísar og hvað það er sem gerir hana að þeirri manneskju sem hún er. Stærstur hluti bókarinnar snýst um mótunarárin, námið í Frakklandi, læknisfrúartímabilið, árin í lðnó og forsetaframboðið sem varð heimsfrægt. Í framboðinu var Vigdís m.a. lagt til lasts að vera einstæð móðir, herstöðvarandstæðingur og reynslulaus í stjórnmálum en svo heillaði hún þjóðina með fágaðri framkomu sinni, hnyttum tilsvörum og sjarma. Gaman er að lesa um skiptar skoðanir fólks á framboðinu, frammistöðu hennar sem forseta og á forsetaembættinu yfirleitt en margir sáu ofsjónum yfir útgjöldum og tilstandi sem því fylgdi eða töldu að það væri bara „fígúruembætti“ og „valdalaust himpigimpi“ (324). Nokkuð er fjallað um Vigdís og karlveldið, það hefði verið fengur að meiri umfjöllun um áhrif hennar á jafnréttisbaráttuna en þau hljóta að vera allnokkur. Hún segir t.d. : „En ég fann auðvitað vel fyrir þessu í forsetaembættinu og fékk stundum að heyra að ég væri með tóma tilfinningasemi. Eins og konur fá svo oft að heyra. Það eru einhverjar geðshræringar í frúnni á Bessastöðum, sögðu karlarnir“ (440). Forsetatíðin sjálf kemur ekki til sögu fyrr en eftir rúmar 300 blaðsíður og þá fer bókin að snúast meira um erilsamt starfið og pólitíkina - konan vikur fyrir forsetanum.

Páll Valsson hefur víða leitað fanga við ritun bókarinnar. Hann grúskar í dagblöðum og bókum, bréfum og fundargerðum auk þess sem hann tekur viðtöl bæði við Vigdís sjálfa („svo lítið sem hún er snokin fyrir slíku“ bls. 462) og samferðamenn hennar. Bókina prýða skemmtilegar myndir en myndaskráin er aftast sem er afar hvítleitt, það hefði verið betra að hafa bæði mynda- og heimildatilvísanir neðanmáls. Orðréttar klausur eru hafðar eftir Vigdís, hún horfir á lífshlaup sitt með yfirvegum og sátt, hún er búin að sálgreina sjálfa sig og samtíð sína og öðlast djúpan skilning á lífinu. Það er ekki heiglum hent að skrifa ævisögu Vigdísar sem er lifandi goðsögn. Páll Valsson gerir það af

mikilli vandvirkni og líka af mikilli virðingu fyrir viðfangsefninu og væntumþykju. Einkum eru kaflarnir um forfeður Vigdísar og æskuheimili vandaðir og afar góð aldarfarslýsing og í heild er bókin bæði fróðleg og skemmtileg aflestrar, mjög vel stíluð og smekkleg í alla staði. Vigdís sjálf hefur haft hönd í bagga með efnistökunum, sums staðar ver hún sig eða afsakar gerðir sínar, einkum varðandi síðasta kjörtímabilið sem var henni erfitt þegar hún skrifaði undir EES-samninginn og heimsótti Kína. Einnig er í bókinni lýst hvernig fjölmiðlar ýmist elskuðu hana eða snerust gegn henni og hvernig hún lenti í miðjum hrepparíg Davíðs Oddssonar og nýkjörins eftirmanns síns, Ólafs Ragnars Grímssonar. Sums staðar hefði mátt ganga harðar að Vigdís í stað þess að taka alltaf upp hanskan fyrir hana gagnrýnislaust.

Í lokakaflanum er Vigdís innt eftir því hvað henni finnist um bankahrunið og trú hennar á þjóð sína er enn óbilandi: „Óhamingja okkar felst í því að nokkrir menn fóru óvarlega að ráði sínu og við tókum ekki eftir því, vorum ekki nægilega vel á verði. Nú þarf að rækta mannorð íslenskrar þjóðar upp á nýtt. Það hefur skaddast illilega og við verðum að stilla okkur saman til að hefja það aftur til vegs og virðingar. Það þarf að virkja grasrótina, hið hljóðláta fólk. Nú vil ég að það stígi fram og á það verði hlustað. Við stöndum á krossgötum og eina leiðin upp aftur felst í nýju verðmætamati þar sem andleg verðmæti verða meira metin“ (432-433). Vigdís er hin sprækasta og vinnur ötullega að hag lands og þjóðar, á launum eins og frægt varð og segir frá í bókinni. Staðföst skoðun hennar er sú að forseti sé þjónn landslýðs og „líklega engin leið að hætta. Þetta er eins og hver önnur æviráðning“ (435). Fyrir sléttum áratug hlaut Páll Valsson íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína um Jónas Hallgrímsson og það hvarflar að manni á myrkum dögum hvort hann hafi verið fenginn til að búa til eða viðhalda eins konar Fjölnismannaímynd af Vigdís. Hvað sem því líður sýnir ævisaga Vigdísar okkur sterka konu, mannvin og friðarsinna, frábæra fyrirmynd og leiðtoga. En þessi öndvegis ævisaga hefði heldur átt að koma út henni til heiðurs á komandi áttæðisafmæli hennar, 15. apríl 2010.

Steinunn Inga Óttarsdóttir